

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. febrúar 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-19/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á smurþjónustu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 3. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 17. mars. Með bréfi, dags. 18. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 25. mars. Með bréfi, dags. 16. október óskaði kæruneftndin eftir tilteknum gögnum frá álitsbeiðanda og bárust þau hinn 28. október. Hinn 22. júní voru gögn málsins send sérfræðingi í bifreiðamálum og skilaði hann áliti sínu hinn 14. nóvember að teknu tilliti til þeirra gagna sem bárust frá álitsbeiðanda hinn 28. október. Með bréfi, dags. 17. nóvember var aðilum máls gefinn kostur á að gera athugasemdir við álit sérfræðingsins og frestur til þess til 27. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 22. janúar, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að í október 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000. Var bifreiðin af gerðinni Hyundai Santa Fe, árgerð 2006. Segir álitsbeiðandi að seljandi bifreiðarinnar hefði nýverið látið skipta um tímareim, bremsur og túrbínu, þ.e. í júlí 2014 og að bifreiðin hafi farið í gegnum söluskoðun án sérstakra athugasemda. Þá hafi smurbók fylgt bifreiðinni og var smurþjónusta í höndum nefnds seljanda síðustu skipti fyrir kaupin. Við kaupin hafði bifreiðinni verið ekið um 5000 km frá síðustu smurþjónustu seljanda. Segist álitsbeiðandi síðan hafa ekið bifreiðinni um 1500 km til viðbótar þegar bifreiðin bilaði, hinn 21. desember 2014. Var farið með bifreiðina í skyndingu á umboðsverkstæði. Þar kom í ljós að olúsía var yfirstífluð og illa farin ásamt því að stuðningsgrind umhversfis síuna vantaði. Skipti umboðsverkstæðið um olú á vél bifreiðarinnar ásamt pakkningum. Eftir það var bifreiðin prófuð og kom þá einnig í ljós að túrbína hennar var ónýt. Segir álitsbeiðandi að stífla í fyrrneftndri olúsíu hafi líklega valdið því að olúþrýstingur á vél féll og það hafi svo aftur skemmt túrbínuna. Í kjölfarið kom svo einnig í ljós að hvarfakútur var ónýtur. Var gert við framangreint á nokkrum stöðum með tilheyrandi kostnaði en viðgerðirnar tóku um mánuð. Segir álitsbeiðandi að flestir þeir sem gert hafi við bifreiðina hafi talið að orsök bilunarinnar mætti rekja til þess að olúsía hefði verið gölluð eða sett í vitlaust. Leitaði álitsbeiðandi því til seljanda og óskaði eftir því að seljandi kæmi til móts við hann í tengslum við það tjón sem orðið hafði á bifreiðinni. Mun seljandi hafa fallist á að greiða einn reikning að fjárhæð kr. 89.000, en hafnað því að taka þátt í frekari kostnaði á þeim forsendum að sú staðreynd að stuðningsgrind hefði vantað í kringum olúsíu hefði ekki ein og sér getað valdið öllum bilunum í bifreið álitsbeiðanda. Telur álitsbeiðandi hins vegar rétt að seljandi greiði fyrir allar viðgerðir á bifreiðinni, samtals kr.

422.260. Þar af hefur seljandi greitt kr. 89.000. Hljóðar því bótakrafa álitsbeiðanda upp á kr. 333.260.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningum vegna viðgerða á bifreið álitsbeiðanda, ásamt afriti af smurbók bifreiðarinnar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að hann telur eftir nokkra eftirgrennslan að bilun í túrbínu í bifreið álitsbeiðanda sé ekki afleiðing af olúskiptum er seljandi gerði á bifreið álitsbeiðanda. Segist seljandi hafa fengið þær upplýsingar að bilunin verði frekar rakin til skemmda í spíssabéttinum í vél, en þegar þær skemmist blási vélin sóti inn í ventlalek sem aftur setjist í smurolíuna og breyti henni í einskonar leðju. Leðjan stífla síðan smursíu og upptak olíudælu, sem verði til þess að vélin missi smurþrýsting og túrbínan skemmist. Segir seljandi að framangreint sé ekki viðurkennt sem galli af framleiðanda bifreiðarinnar. Telur seljandi að skortur á grind í smursíuloki geti eitt og sér ekki valdið jafn stórtæku tjóni og álitsbeiðandi vilji meina. Eins telur seljandi ólíklegt að smursían sjálf hafi verið gölluð. Hafnar seljandi því kröfum álitsbeiðanda en segist þó vilja bera fulla ábyrgð á því að grind hafi vantað í olúsíu og sé því tilbúinn til að greiða álitsbeiðanda kr. 89.000.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðanda þykir stinga í stúf hve mikið seljandi einblínir á aðrar mögulegar ástæður fyrir bilun á túrbínunni en mistök við olúskipti. Rifjar álitsbeiðandi upp að skipt hafi verið um túrbínu í júlí 2014 og hafi það verið gert sökum þess að gamla túrbínan var komin á tíma. Nýja túrbínan hafi hins vegar eyðilagst vegna þess að hún hafi ekki fengið nægjanlega olíu. Rekur álitsbeiðandi einnig að allir þeir sem komið hafi að viðgerð bifreiðarinnar hafi talið að bilun túrbínunnar mætti rekja til olúsíunnar.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 í október 2014. Var bifreiðin af gerðinni Hyundai Santa Fe, árgerð 2006. Seljandi bifreiðarinnar hafði látið skipta um túrbínu í júlí 2014 og bifreiðin farið athugasemdalaust í gegnum söluskoðun. Hinn 21. desember 2014 bilaði túrbína bifreiðarinnar með tilheyrandi tjóni. Á umboðsverkstæði kom í ljós að olúsía var yfirstífluð og illa farin ásamt því að stuðningsgrind umhverfis síuna vantaði. Smurþjónusta bifreiðarinnar hafði fyrir kaupin verið í höndum nefnds seljanda í málinu og var bifreiðin síðast smurð 5. ágúst 2014, þá ekin 194.000 km. Telur álitsbeiðandi að tjón sitt verði rakið til galla á þjónustu seljanda við olúskipti hinn 5. ágúst 2014 og hefur krafðist skaðabóta. Því hefur seljandi mótmælt, m.a. á þeim forsendum að vöntun á stuðningsgrind umhverfis síuna geti ekki, ein og sér, hafa valdið því að túrbína í bifreið álitsbeiðanda eyðilagðist. Eins og einnig er rakið að framan leitaði kærunefndi aðstoðar sérfræðings. Í álitum sérfræðingsins segir m.a.:

„Í þessari álitsbeiðni kemur fram að afgangforþjappan hefur gefið sig í tvenn skipti, í fyrra skiptið í júní/júlí 2014 og í seinna skiptið í desember 2014. Það er ljóst úr gögnum málsins að við greiningu bilunar hjá Z umboðs Hyundai á Íslandi er ljóst að þéttingar á spíssum höfðu gefið sig og grófsigti á aðkomuröri var stíflað sóttkornum. Það er þá ljóst í þeirri viðgerð sem var gerð í júní 2014 þegar skipt var um afgangforþjöppuna í fyrra skiptið að aðeins var gert við afleiðingu bilunar í vélinni og ástæða þess að afgangforþjappan gaf sig í seinna skiptið svo fljótt. Það er ekki hægt að segja að afgangforþjappan hafi gefið sig vegna þess að stoðgrindina vantaði í olúsíuna en það er hægt að segja það hafi flýtt fyrir því að hún gæfi sig. Það er vegna þess að þegar stoðgrindina vantar þá fer hluti olíunnar ósúð um olúsíuna. Eins og kemur fram í gögnum málsins frá verkstæði umboðsaðila Hyundai á Íslandi að það virðist ekki koma að sök við eðlilegar aðstæður þó að stoðgrindina vantaði í síuna í síuhúsinu. Niðurstaðan er sú eins og fyrir segir að ekki var gert við örsök bilunar í þeirri viðgerð sem var framkvæmd þegar skipt var um afgangforþjöppuna í júní eða júlí 2014 og er það ástæða þess að sú forþjappa gaf sig í seinna skiptið, síðla árs 2014.“

Í ljósi framangreinds telur kærunefndin að þrátt fyrir að líta megi á sem svo að smurþjónusta seljanda, á bifreið álitsbeiðanda í ágúst 2014, hafi verið haldin minniháttar galla í skilningi 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, sé ekkert orsakasamband á milli þess galla og tjóns sem síðar varð á vél í bifreið álitsbeiðanda. Verður því af þeim sökum að hafna bótakröfu álitsbeiðanda.

VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir